

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Fellsmúla 7. janúar 2014

Efni: Umsókn um starfsleyfi fyrir 100 tonna framleiðslu af bleikjuseiðum og 250 tonna framleiðslu af borra í fiskeldisstöðinni í Fellsmúla.

Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hefur verið starfrækt í tæplega 30 ár. Í dag er stöðin rekin á starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gaf út árið 2011.

Rekstraraðili (félagið) fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla er Íslensk matorka ehf. kt. 480210-0930. Undanfarin misseri hefur félagið staðið í miklum endurbótum á aðstöðu við fiskeldi, vatnsöflun og vatnsnýtingu. Deiliskipulag hefur verið unnið og samþykkt fyrir lóðina, en aldrei hefur áður verið unnið deiliskipulag þá áratugi sem starfsemin hefur verið á lóðinni. Skipulagsstofnun var send matsskyldufyrirspurn og þann 18. janúar 2012 gaf stofnunin út álit að fyrirhuguð framleiðsla í Fellsmúla skuli ekki vera háð mati á umhverfisaðstæðum.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sækir **Íslensk matorka ehf. kt. 480210-0930 hér með um starfsleyfi fyrir 100 tonna framleiðslu af bleikjuseiðum og 250 tonna framleiðslu af borra. Meðallífmassi á hverjum tíma er allt að 115 tonn.**

Saga stöðvarinnar


Fiskeldisstöðin að Fellsmúla er staðsett ofarlega í Landsveit í Rangárarþingi Ytra. Stöðin var byggð sem seiðaeldisstöð árið 1985 af Landsvirkjun sem mótvægisáðgerð vegna virkjanaframkvæmda á Þjórsár- og Tungnársvæðum. Fyrstu árin var stöðin fyrst og fremst rekin sem seiðastöð fyrir nærliggjandi ár og Veiðivötn. Síðan þróaðist starfsemi stöðvarinnar þannig að bleikjueldi var hafið í stöðinni ásamt seiðaeldinu. Íslensk matorka ehf. keypti allar eignir úr þrotabúi Eldisstöðvarinnar Fellsmúla í september 2010. Lóðin sem fiskeldisstöðin stendur á er 5 hektarar og liggur við Minnivallalæk í landi Fellsmúla. Langtíma leigusamningur er milli rekstraraðila fiskeldisstöðvarinnar og íslenska ríkisins sem er eigandi landsins.

Frárennsli stöðvarinnar hefur í áratugi farið í setþró og síðan út í Minnivallalæk sem fellur í Þjórsá. Með þeim breytingum sem átt sér hafa stað á búnaði og tækjum í fiskeldisstöðinni er nú búið að endurbyggja setþróna sem hefur þá virkni að yfirfall fellur út í Minnivallalæk en grugg fellur úr setþró í sérstakan belg sem dælt er úr. Með þessu er verið að minnka grugg í frárennsli um allt að 90%. Jafnframt hefur verið komið á hringrásarkerfi á vatni innan stöðvarinnar þannig að vatnsnotkun er mun betri pr. framleitt kg. af fiski en áður sem er mun umhverfisvænna m.t.t. til vatnsöflunar og nýtingar þess og frákasti á vatni. Með þessum

breytingum er búið að styrkja alla innviði stöðvarinnar þannig að hægt er að framleiða mun meira af seiðum en áður án þess að vatnsnotkun aukist að sama skapi. Starfsemi fyrirtækisins er í takt við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins, deiliskipulag, lög og reglugerðir sem framleiðsla af þessum toga heyrir undir. Hér er því sótt um leyfi fyrir framleiðslu á 100 tonnum af bleikjuseiðum og 250 tonnum af borraseiðum. Heildarlífsmasi á hverjum tíma verður aldrei meiri en 115 tonn.


Lýsing á staðhátum

Aðstæður á lóð fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla eru með þeim hætti að lóðin liggur að Minnivallalæk og Fellsmúlalæk. Lóðin er einangruð og lokuð frá nánasta umhverfi með girðingu og hliði annars vegar og báðum ánum hins vegar, sjá mynd 1. Inn á lóð fiskeldisstöðvarinnar eru byggingar s.s. fiskeldishús og veiðihús. 550 m² fiskeldishús stendur samsíða Minnivallalæk og sex útiker standa við húsið. Fyrirkomulag með þessu sniði hefur verið síðustu 28 árin eða allt frá þeim tíma þegar Landsvirkjun byggði fiskeldisstöðina. Allur aðgangur inn á lóð er bannaður vegna smitshættu inn í fiskeldið. Sérstök hætta er á smiti frá viltum fiski t.d. í Minnivallalæk í eldisfisk. Smit gengur ekki í hina áttina þ.e. frá fiskeldi í viltan fisk. Af þeim sökum hefur sérstaklega verið unnið varúðarráðstöfunum á því að fiskur gangi hvorki úr stöðinni út í Minnivallalækinn né frá læknum inn í stöð.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af lóð fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla

Minnivallalækur liggur niður Landsveit og fellur í Þjórsá og er vegalengdin frá Fellsmúla að Þjórsá um 8 km. löng. Mynd 2 sýnir legu Minnivallalækjar neðan Fellsmúla.



Mynd 2: Lega Minnivallalækjar neðan Fellsmúla

Minnivallalækur er 13 km. langur lindarlækur og allur fiskgengur, frá ósi Þjórsár að upptakalindum. Framkvæmt hefur verið mat á búsvæðum laxfiska í Minnivallalæk af Magnúsi Jóhannssyni, Veiðimálastofnun 2009 sem unnið var fyrir Veiðifélag Minnivallalækjar (VMST/09002). Fram kemur í ofangreindri skýrslu að við upptökulindir má gera ráð fyrir að vatnshiti sveiflist tiltölulega lítið af áhrifum lofthita og sé því að jafnaði hærri en lofthiti að vetrarlagi og lægri að sumarlagi. Vatnshiti Minnivallalækjar hefur þó mælst á bilinu 4,9°C – 12,4°C allt eftir árstíma og staðsetningu mælinga í ánni. Sem dæmi má nefna að hitastig árinna einn dag í ágúst árið 2001 mældist 4,9°C við upptök einnar lindar en 8°C við Þjóðveg ofan við Skarð. Síðan mældist hitastigið neðar í ánni 10,4 – 12,4°C milli kl. 15-19 þennan sama dag. Samkvæmt athugunum sérfræðinga ÍSOR, áður Orkustofnunar er jarðhiti í Landsveit að hafa þau áhrif að hitastig grunnvatns er heldur hærri en á svæðum sem ekki jarðhita gætir. Því getur jarðhiti haft þau áhrif að lindarvatn í Landsveit er almennt u.þ.b. 1-1,5°C hærri við upptökulindir en ef svæðið væri laust við jarðhita. Hvað varðar möguleg áhrif borraeldis á lífríki Minnivallalækjar er hægt að fullyrða að borinn mun aldrei lifa í ánni þó seiði sleppi út. Það kemur til af því að hitastig árinna heldur aldrei stöðugleika í hæsta mælda gildi hennar. Borrinn drepst þegar hitastig í vatni nær niður í 12-15°C og þó að einstaka mælistaðir á einum heitum sumardeggi hafi náð 12,4°C gefur það ekki sterka vísbendingu um að borri lifi af í ánni því hitastig árinna fellur yfir nóttina þó svo að einn dagur myndi mælast þetta hátt. Þó að borinn gæti fræðilega lifað af við 12°C þá er það eingöngu í örfáar klukkustundir. Borrinn gæti heldur aldrei fjölgað sér í ánni því hann hættir að fjölga sér þegar hitastig vatns er komið undir 19°C.

Rennslið í Minnivallalæk er um 3000 l/s samkvæmt rannsóknum sem unnar voru á lífríki Þjórsár og þveráa hennar í tengslum við virkjana neðan Búrfells (Veiðimálastofnun, VMST-S/02001). Rennsli frá fiskeldisstöðinni að Fellsmúla verður að hámarki 200 sek/l og ætti ekki hafa áhrif á hitastig né aðra þætti í ánni þar sem þynningin er um 15 föld og verða hitastigsáhrifin minni en sem nemur 2°C.


Vatnsnotkun í stöðinni hefur verið með hefðbundnu sniði eins og þekkt í nær öllum fiskeldisstöðvum á Íslandi þ.e. að stöðin er byggð sem gegnumstreymisstöð. Vatnið rennur einu sinni í gegnum stöðina, þaðan út í setþró og síðan út í Minnivallalæk. Undanfarin misseri

hafa breytingar verið framkvæmdar á lagnakerfum þannig að endurnýting á vatni er hafin með hringrásarakerfum sem dregur úr vatnsnotkun og magni af frárennsli.



Myndir 3: Frá Fellsmúla

Vatnstaka fyrir fiskeldið er annars vegar úr lindarsvæði undan Skarðsfjalli og hins vegar úr brunnum og borholum á lóð fiskeldisstöðvarinnar. Brunnar og borholur á lóð fiskeldisstöðvarinnar eru um og yfir 30 m. djúpar. Yfirborðsvatnsstraumar eru almennt á 2-3 m. dýpi. Þannig er ekki hætt á að yfirborðsvatn leki niður í vatnið sem nýtt er til fiskeldis. Vatnsverndarsvæði er í kringum vatnstökusvæðið. Vöktun á vatnstökusvæðum og strangar umgengnisköfur eru gerðar til starfsfólks t.d. varðandi akandi umferð og fráakasts úrgangs. Straumur vatns (yfirborðsvatns og grunnvatns) liggur frá vatnstökusvæðum og möguleg mengun frá rotþró og setþró er ekki til staðar. Heitt vatn er síðan fengið úr borholu úr Baðsheiði rétt norðan við Skarð. Sjá sjá mynd 4.



Mynd 4: Afstöðumynd af útisvæði í Fellsmúla

Deiliskipulag fyrir lóðina og starfsemina hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings Ytra. Aldrei áður hefur verið unnið deiliskipulag fyrir þessa lóð og starfsemi.

Fiskurinn og eldið.

Í dag eru tvær tegundir í fiskeldisstöðinni í Fellsmúla þ.e. bleikja og borri (e. tilapia).

- Borri (e. tilapia, *Oreochromis niloticus*) var fluttur til Íslands frá Kanada 2008 með samþykki Fisksjúkdómanefndar. Samkvæmt upplýsingum frá fisksjúkdómafræðingi eru fáir sýklar nefndir í heimildum sem alvarlegir tjónvaldar á eldi af borra á heimsvísu litið. Kjörhitastig borrans í eldi er 27°C og ef hitastigið fer undir 19°C þá hrakar honum hratt, hættir að taka til sín fóður, tímgastr ekki og drepst við 12°C. Borrinn lifir því ekki í íslenskri náttúru. Borrinn er almennt þekktur fyrir að hafa fáa og fátíða sjúkdóma og er mjög harðger í eldi í samanburði við kaldvatnstegundir. Borrinn fjölgrar sér árið um hring og nær sláturstærð á sex til átta mánuðum til samanburðar er bleikjan 20-24 mánuði í eldi. Í Fellsmúla verður eingöngu um seiðaframleiðslu að ræða. Fiskeldisker með borra eru aðgreind frá bleikjunni í sérstöku húsrými eða með dúkyfirbreiðslum á útikerjum.
- Bleikjan kemur í stöðina að mestu sem hrogn frá Hólum í Hjaltadal en einnig verða tekið inn hrogn og/eða seiði frá Stofnfiski ehf. Hrogn verða tekin inn þrisvar til fjórum sinnum á ári sem eykur nýtingu eldisrýmisins umtalsvert. Gert er ráð fyrir að seiðaeldið á bleikju eigi sér stað í Fellsmúla og þau flutt um 85 g. að stærð frá stöðinni til áframeldis. Í Fellsmúla er jarðhiti nýttur í eldinu sem hefur mikil og góð áhrif á bleikjuseiðin. Eldshitinn verður á bilinu 5 – 10° C. Náttúrlegur hiti lindarvatnsins á svæðinu er kringum 5°C en 52°C heitt vatn frá hitaveitu staðarins verður nýtt til að fá fram æskilegan eldishita.

Varnir gegn mengun og ytra umhverfi

Rekstraraðili mun uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Jafnframt mun rekstraraðili nota bestu fánlegu tækni (BAT) varðandi mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Í því felst samþættingu mengunarvarna þ.e. að mengun færist ekki milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs. Í þessu skyni hefur verið lögð áhersla á aðferðarfræði við hreinsun frárennslis til samræmis við það sem gert er í Danmörku en þar eru stífar umhverfiskröfur til fiskeldis. Í því felst að setþróin sem staðið hefur í áratugi hefur verið fjarlægð og ný byggð sem innifelur í sér þessa hreinsitækni. Frárennslid fer í gegnum hól í setþró þannig að grugg og lífrænn úrgangur (u.þ.b. 10% af frárennslis) rennur til hliðar í úrtaksbelg en yfirfallið (um 90% af frárennslis) rennur út í Minnivallalæk sem tært og nánast hreint vatn. Við útrás í Minnivallalæk hefur frárennslid ekki set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olíu eða froðu, sorp eða aðrir aðskotahluti eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu er leitt í rotþró og siturlögn sem uppfyllir fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar. Séð er til þess að aðgangur vargfugls og annarra villtra dýra að hreinsivirki stöðvarinnar og úrgangi stöðvarinnar sé hindraður.

Öll útiker eru með dúk eða net yfir til að koma í veg fyrir að vargfugl stingi sér eftir fiski. Öllum lífrænum úrgangi er fargað í viðurkenndri förgun. Stífar kröfur eru gerðar til umgengni, hreinlætis og heimsókna.

Eftirfarandi breytingar á mengunarvörnum í Fellsmúla hafa verið framkvæmdar:

- Endurnýting á vatni hefur aukist til muna með endurbótum á vatnskerfum. Vatninu er hringrásað í nokkra hringi, fyrst í bleikjunni og síðan yfir á borran. Með þessu er verið að

draga mikið úr vatnsnotkun og nýta betur fóðurleifar sem annars færu út í frárennsli sem grugg.

- Grugg og lífrænn úrgangur úr frárennsli fellur til í sérstakan belg.
- Setþró hefur verið endurnýjuð þannig að svokallaða danska hreinsitæknin hefur verið tekin í notkun. Með þessu er verið að hreinsa frá grugg og lífrænan úrgang þannig að yfirfall verði eingöngu sem frárennsli og lokað er fyrir mögulegan samgang á fiski úr stöðinni við lífríki Minnivallarlækjar.

Þeir þættir sem falla undir mengunarvarnir eru:

Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri er sá þáttur í starfseminni sem hefur mest áhrif á rekstrarkostnað og vöxt á fiski. Því hefur verið sett upp fullkomið tölvustýrt framleiðslustýringarkerfi þar sem fóðrun er stýrð þannig að vöxtur verður sem mestur á sama tíma sem fóðurleyfar verði sem minnstar og að heilbrigði fisksins sé tryggð. Með því er jafnframt verið að halda mengun í lágmarki. Hugbúnaðurinn Wise Fisa Aquaculture frá AKVA Group í Noregi (farm control) spilar þar lykilhlutverk. Þessi hugbúnaður er notaður hjá fjölda fiskeldisfyrirtækja um allan heim og hefur reynst vel. Hann heldur utan um fóðurgjöf, vöxt, ástand í eldi, eldisaðstæður (hiti, sýrustig og fl.) þannig að hámrökun verður á eldi og lámörkun á neikvæðum þáttum s.s. mengun. Jafnframt er haldið vel utan um rekjanleika og gæðastjórnun s.s. HACCP.

Efnalosun

Losun fosfórs eða annarra efna í frárennsli er undir hámarksgildum, sjá töflu hér fyrir neðan.

Losun og frágangur við útrás frárennslis

Frárennsli (yfirfall) úr setþró rennur beint út í straum Minnivallalækjar þannig að dreifing frárennslis verður hröð. Fram að þessu hefur ekki borið á seti eða útfellingum, þekju rotvera, olíu eða froðu eða hverju öðru sem hefur mengandi áhrif. Sérstaklega er haft eftirlit með slíku og þess gætt að slík mengun komi ekki fram.

Lífríki og flokkun vatns

Lífríkið í Minnivallalæk er að mörgum talið frekar snautt. Leigutaki Minnivallalækjar, sem veiðiár, telur að frárennsli frá fiskeldinu eins og það var áður en setþróin var endurnýjuð, var læknum afar mikilvægt þar sem skortur er á næringarefnum fyrir viðveru smádyra og þörunga sem urriðinn í ánni nærast á. Ekki er vitað til þess að annar fiskur en urriði sé í ánni. Fiskeldið í Fellsmúla mun ekki valda fækkun tegunda í lífríki Minnivallalækjar. Ekki er hætt á að fiskur sleppi úr fiskeldi í Minnivallalæk þar sem setþró er þannig byggð að eingöngu yfirfall fellur út í lækinn og rennur það í gegnum ristar.

Meindýravarnir

Meindýravarnir eru með þeim hætti að séð er til þess að meindýr taki ekki bólfestu á athafnarsvæðinu. Jafnframt er aðgangi villtra fugla og spendýra hindraður að athafnarsvæðinu og að útrás frárennslis.

Lífrænn úrgangur, lyf og spilliefni

Rekstraraðili hefur sérstakan búnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni. Allur dauður fiskur er fargaður á viðurkenndum förgunarstað. Spilliefnum og lyfjaafgöngum verður ekki fargað í niðurföll eða í frárennsli, heldur komið til viðurkenndar spilliefnamóttöku.

Umgengni um mengandi efni

Á starfsstöð fiskeldisstöðvarinnar eru olíubirgðir fyrir rekstur varaalfsstöðvar. Þess er gætt að olíubirgðir og olíuúrgangur sé ekki hafður nánægt vatnsbólum og þess gætt að mengun af þeim verði ekki á grunnvatn eða yfirborðsvatn.

Vatnsnotkun

Vatnið er fengið annars vegar úr lindum í landi Skarðs og hins vegar úr borholum á lóð stöðvarinnar alls um 140 l/sek. Heitt vatn kemur úr borholu í Baðsheiði og gefur hún um 20 l/s af 52°C heitu vatni á 200 m dýpi.

Úrgangslösun

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, er kveðið á um skilyrði fyrir frárennsli fiskeldisstöðva í fersk vatn. Í eftirfarandi töflu er samanburður á þeim mörkum sem reglugerð kveður á um, hver úrgangslösun er í dag og hvað hún verður áætluð eftir þær endurbætur sem unnið er að. Gengið verður út frá því að lösun úrgangsefna verði undir leyfilegum hámarksmörkum.

	Samkv. lögum og reglug.	Í dag	Áætlað
Hitastigsbreyting	Max 2°C	Minnivallalækur er með hitastigssveiflu sem nemur 8°C frá náttúrunnar hendi. Fiskeldisstöðin hefur engin áhrif á það.	< 2°C
Súrefnismettun	Min 70%, 6 mg O ₂ /l og 50% af tímanum >9 mgO ₂ /l	70-80 %	Að lágmarki 70%, 6 mg O ₂ /l
Sýrustig	6-9 og max breyting 0,5	7-8	6-9
NH ₃	< 0,025 mg/l	< 0,02	< 0,025 mg/l
Súrefnisnotkun BOD ₅	Hæst 4 mg O ₂ /l	3-4	óverulegt
Fosfór (P)	8 kg/framl. tn	6 kg/framl.tn	3 kg/framl.tn
Nitur (N)	60 kg/framl. tn	55 kg/framl. tn	35 kg/framl.tn
HOCl	Hæst 0,004 mg/l	<0,003	<0,004 mg/l
Olíur, fitubræk	Ekki sjást	Sést ekki	Sést ekki
Svifþörungur	Max 2 mg/l	óverulegt	óverulegt

Eftirlit með losun

Eigendur og starfsmenn hafa það að leiðarljósi að uppfylla markmið yfirvalda um rekstur fiskeldisstöðva enda fellur það vel að markmiðum fyrirtækisins að draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar, koma á samþættum mengunarvörnum og að samræma kröfur og skilyrði í starfsleyfum. Í því fellst m.a. að gera stöðina nútímalega með því að endurnýta vatnið og nýta þannig bæði orku og vatn betur.

Lögð er áhersla á að beita góðum starfsháttum við rekstur stöðvarinnar. Það felur m.a. í sér að leggja áherslu á það að nýta vel orku og vatn, draga með skipulegum hætti úr myndun úrgangs og að úrgangi verði komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Markviss vöktun verður á frárennsli og öðrum þáttum sem getur haft mengandi áhrif á umhverfið. Rekstraraðili fylgist með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar og fer reglulega yfir botnsíur og annan búnað sem hindrar að fiskar og sleppi út í umhverfið.

Lögð er áhersla á mengunarvarnir fyrir seiða- og fiskeldi með losun í ferskvatn og að uppfyllt séu markmið um ástand viðtaka sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gengið er þannig frá að frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálf dauður fiskur berist ekki með frárennslinu.

Íslensk Matorka leggur metnað sinn í að gæta fyllsta hreinlætis. Félagið flokkar og endurnýtir úrgang eins og kostur er. Úrgangur er fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss eru frágengin í samræmi við lög og reglur og eru spilliefnum og lyfjaleifum komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.

Innra eftirlit

Umsjónarmaður stöðvarinnar annast innra eftirlit með framleiðslu stöðvarinnar og heldur skrá yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi framleiðslu, svo sem: a) framleiðslumagn, fjölda og þyngd fiska og breytingum á þessum tölum vegna flutninga, sölu eða dauða, b) ástandi eldisstofna, c) fóðurnotkun og fóðurgerð, d) vatnsnotkun og e) magn og gerð hættulegra efna og lyfja þ.m.t. hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu. Gæðahandbók og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa hefur verið sett upp. Neyðaráætlun er til staðar ef til rekstrarstöðvunar kemur og haldin er skrá yfir mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Innra eftirlit og skráningar eru aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

Umsjónarmaður stöðvarinnar heldur skrá yfir helstu atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar, svo sem: stöðvanir í rekstri búnaðar vegna hreinsunar eða annarra ástæðna.

Ráðstafanir vegna óhappa

Fyrirtækið mun sinna tilkynningarskyldu sinni ef upp koma óhöpp og jafnframt byggja upp starfsemina þannig upp til framtíðar að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Virðingarfyllst

Stefanía K. Karlsdóttir

Stefanía K. Karlsdóttir

Íslensk matorka ehf

Fellsmúla

851 Hellu

Póstfang:

Hlíðasmára 6

200 Kópavogi

stefania@matorka.is

Viðaukar:

- Deiliskipulag
- Umhverfisskýrsla
- Átlit Skipulagsstofnunar á matsskyldu
- VMST/09002
- VMST-S/02001